

Lög

um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Reykjavíkur og Reykjaness“ í 1. mgr. kemur: Reykjavíkurkjördæma suður og norður og Suðvesturkjördæmis.
- b. Í stað orðanna „Reykjavíkur eða nágrennis“ hvarvetna í greininni kemur: Reykjavíkurkjördæma suður og norður og Suðvesturkjördæmis.
- c. Í stað orðanna „annað heimili í Reykjavík“ í 3. mgr. kemur: annað heimili í Reykjavíkurkjördæmi suður eða norður eða Suðvesturkjördæmi.

2. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Alþingismaður á rétt á fæðingar- og foreldraorlofi og fer um lengd þess og greiðslur meðan það varir samkvæmt lögum nr. 95/2000. Þeir alþingismenn sem halda tvö heimili og fá álag á húsnæðis- og dvalarkostnað, sbr. 3. mgr. 6. gr., halda þó greiðslum skv. 1. mgr. 6. gr.

Alþingismaður nýtur slysa- og ferðatrygginga.

Forsætisnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd og greiðslur samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Réttur þeirra sem eru í fæðingarorlofi við gildistöku laganna fer eftir eldri ákvæðum, svo og réttur þeirra sem hafa öðlast rétt til fæðingarorlofs en ekki hafið töku þess.

Samþykkt á Alþingi 15. desember 2003.